



**AFRIT**

Reykjavík, 18. maí 2010

Forsætisráðherra

frú Jóhanna Sigurðardóttir

forsætisráðuneytinu

Lækjargötu

*Alþingi*  
*Erindi nr. Ö 138/106*  
*komudagur 18.5.2010*

Þann 13. janúar sl. gaf forsætisráðuneytið út fréttatilkynningu þar sem fram kemur að forsætisráðherra hafi skipað nefnd óháðra sérfræðinga sem gera muni tillögur til ríkisstjórnar og Stjórnarráðsins um viðbrögð af hálfu stjórnarsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í erindisbréfi nefndarinnar, dags. 14. janúar sl., kemur fram að nefndin skuli taka skýrslu rannsóknarnefndarinnar til ítarlegrar umfjöllunar og meta þau atriði sem beinast kunna sérstaklega að stjórnarsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins. Nefndin skuli svo fljótt sem auðið er gera tillögur til forsætisráðherra og ríkisstjórnar um hugsanleg viðbrögð við þeim í samræmi við ábendingar rannsóknarnefndarinnar. Nefndin skilaði skýrslu sinni til forsætisráðherra 7. maí sl.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, segir: „Alþingi kýs níu þingmenn í nefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar og móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum hennar. Nefndin skal skila tillögum sínum á núverandi löggjafarþingi.“ Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem breytti 15. gr. laganna segir m.a. um þetta atriði: „Miðað er við að þingmannanefndin taki skýrsluna í heild til umfjöllunar. [...] Viðfangsefni þingmannanefndarinnar og þingsins í heild munu ráðast af umfjöllun rannsóknarnefndarinnar og niðurstöðum hennar. Sú umfjöllun markast af verkefnum rannsóknarnefndarinnar eins og þau voru skilgreind í 1. gr. laganna. Meðal þeirra sjónarmiða sem lágu til grundvallar skipun nefndarinnar var að fagleg greining á ástæðum bankahrunsins þyrfti að liggja til grundvallar almennu pólitísku uppgjöri málsins. Væntingar standa til þess að á grunni skýrslunnar verði unnt að draga almenna lærdóma af efnahagsáfallunum. Þingmannanefndin mun að líkindum fjalla um það atriði. Eftir atvikum kemur það enn fremur í hlut hennar að móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það er hlutverk þingsins. Þá má ætla að þingmannanefndin fylgi eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar um breytingar á lögum og reglum sem miða að því að koma í veg fyrir að atburðir af því tagi sem urðu hér á landi haustið 2008 endurtaki sig.“



**AFRIT**

Þingmannanefndin bendir á að í skýrslu sérfræðinganefndarinnar virðist tekin afstaða til atriða sem þingmannanefndinni er lögum samkvæmt ætlað að fjalla um og taka afstöðu til í væntanlegri skýrslu sinni, s.s. í tillögum um breytta löggjöf á fjármálamarkaði. Hún mun þó sem eðlilegt er hafa hliðsjón af skýrslunni við störf sín.

Af þeim sökum óskar þingmannanefndin þess að upplýst verði hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu einstakra ráðuneyta varðandi þær tillögur að lagabreytingum sem fram koma í skýrslu sérfræðinganefndarinnar, sem og önnur atriði sem þingmannanefndin hefur til meðferðar lögum samkvæmt. Listi yfir þau mál sem þegar eru í vinnslu í Stjórnarráðinu eða gert er ráð fyrir að hefja vinnu við á næstunni óskast sendur nefndinni eigi síðar en 1. júní nk.

Virðingarfyllst,

f.h. þingmannanefndarinnar

Atli Gíslason, formaður

*Afrit: Forsætisnefnd Alþingis.*